

AUGLÝSING

112

15. nóv.

um starfsreglugerð til framkvæmda á pósthöggglasamningnum milli Póststjórnar Íslands og Póststjórnar hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, dagsettur 17. okt. og 3. nóv. 1933.

1. grein.

Flutningsleið.

1. Hvor póststjórnin um sig skal flytja eftir sömu leiðum og með sömu tækjum og hún flytur eigin höggla, þá höggla, sem hin póststjórnin afhendir henni til flutnings í transit um landsvæði hennar.
2. Skakkt sendir höggla skulu sendir á ný til hins rétta ákvörðunarstaðar eftir beinustu leið sem póststjórnin, er sendir á ný, ræður yfir.

2. grein.

Tilhögun flutnings. Útvegum poka.

1. Skipti á högglum milli landanna skulu framkvæmd af pósthúsum, sem báðar póststjórnirnar verða ásáttar um.
2. Högglum skal skipst á milli landanna í pokum, er séu fyrirbundnir og innsiglaðir eins og vera ber.
Sé ekki öðruvísi ákveðið skal flutningur á högglum, sem sendir eru úr öðru hvoru sammingslandanna í transit um hitt, framkvæmdur „à dé-couvert“ (í stykkjatali).
3. Miði með áletruðum nöfnum viðskiptapósthúsa uppruna- og ákvörðunarlands skal festur við opið á hverjum poka, og skal aftan á miðanum tilfæra tölu höggla í pokanum.
4. Poki sá, sem höggla skráin er í og önnur skjöl, skal auðkenndur sérstaklega.
5. Póstkröfuhöggla sendir í pósti skulu, eftir því sem við verður komið, látnir niður í pokann, sem skráin og önnur skjöl eru í. Komist þeir ekki allir í pokann sem skráin er í, skal pokinn eða pokarnir, sem þeir eru sendir í, auðkenndir með greinilegum miða.
6. Á sama hátt skulu höggla með tilgreindu verði fluttir í sérstökum pokum, og skulu merkimiðar þessara poka auðkenndir með einhverju sýnilegu tákni, sem póststjórnirnar koma sér saman um.
7. Þyngd hvers högglapóstpoka má ekki fara fram úr 36 kílógrömmum (80 pundum avoirdupois).
8. Pokarnir skulu lagðir til af póststjórn hins sameinaða konungsríkis og kostnaður við þá borinn að jöfnu af báðum póststjórnunum.

Pokarnir skulu einvörðungu notaðir til skipta á högglum milli hins

112
15. nóv.

sameinaða konungsríkis og Íslands og ekki til neinnar annarar þjónustu, og skal pósthjónun Íslands krafinn um verð hvers poka, sem hún ekki stendur skil á.

9. Pokar þeir sem íslenska pósthjónunin þarf ekki á að halda undir bögglaflutning til hins sameinaða konungsríkis, skulu endursendir tómir, tíu í búnti (níu pokar niðri í einum) og sendir sem sérstakur postur skráður til þess viðskiptapósthúss, sem pósthjónun hins sameinaða konungsríkis tiltekur. Tala poka sem þannig eru sendir skal sett á bögglafrá og skal hún vera önnur en sú, sem sjálfir bögglafráir eru settir á og merkt sérstaklega með áframhaldandi númerum fyrir hvert ár.

3. grein.

Upplýsingar, sem skal láta í té.

1. Hvor pósthjónunin um sig skal láta hinni í té í töfluformi:
 - a) nöfn þeirra landa, sem það getur flutt til böggla, sem því eru afhentir;
 - b) leiðir þær, sem eru opnar ofangreindum bögglum, frá því þeir koma inn á landsvæði þess eða í þjónustu þess;
 - c) heildarupphæð þóknana þeirra, sem ber að greiða því af hinni pósthjónuninni fyrir hvern ákvörðunarstað;
 - d) tölu tollskráa, sem eiga að fylgja hverjum böggli;
 - e) allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar.
2. Hvor pósthjónunin um sig skal tilkynna hinni nöfn þeirra landa, sem hún ætlar að senda böggla til í transít um landsvæði hinnar, nema tala böggla í hverju einstöku tilfalli sé lítil.

4. grein.

Ákvæði um jafngildi.

Hvorri pósthjónun um sig skal vera frjálst, er hún ákveður gjöldin fyrir böggla, að taka þau jafngildishlutföll, er henta bezt mynt hennar.

5. grein.

Ytri frágangur böggla.

Sérhver böggull verður:

- a) Að bera nákvæma utanáskrift viðtakanda með latneskum bókstöfum. Utanáskriftir með blýanti eru ekki leyfðar, en bögglafrá með utanáskrift með blekblýanti, þar sem það, sem skrifað er á, hefir verið vætt áður, skulu þó teknir. Utanáskriftin skal sett á böggulinn sjálfan eða á miða, er sé svo vandlega festur við böggulinn, að hann geti ekki losnað. Sendanda bögguls skal ráðið til þess, að láta afrit af utanáskriftinni inn í böggulinn og geta þar um sína utanáskrift.

- b) Að vera útbúinn á þann hátt, sem svarar til flutningslengdarinnar og sem verndar innihaldið. **112**

15. nóv.

Hluti, sem geta meitt póstmenn eða skemmt aðrar sendingar, skal búa um þannig, að engin hætta stafi af þeim.

6. grein.

Sérstakar umbúðir.

1. Lagarkenndar vörur og efni, sem auðveldlega verða lagarkend, skal búa um í tvöföldum ílátum. Á milli hins fyrra (flösku, glass, krukku, öskju o. s. frv.) og hins seinna (öskju úr málmni eða sterku tré) skal vera bil, sem fyllt sé sagi, úrsælding eða einhverju öðru efni, nægilega miklu til þess að drekka í sig allan löginn, ef ílátið kynni að brotna.
2. Þur duft til litunar, svo sem anilín o. s. frv. skulu því aðeins tekin til flutnings, að þau séu lokuð í sterkum málmöskjum, sem aftur skulu settar í tréöskjur með sagi á milli ílátanna.
3. Sérhver böggull, sem inniheldur dýrmæta steina, gimsteina eða einhvern hlut úr gulli, silfri eða platinu, sem er yfir 2500 franka virði, skal vera útbúinn í kassa er ekki sé minni en 3 fet og 6 þumlungar (1.05 metrar) að lengd og ummáli til samans.

7. grein.

Fylgibréf og tollskrár.

1. Hverjum böggli skal fylgja fylgibréf og eins margar tollskrár og reglugerðir ákvörðunarlandsins mæla fyrir.
2. Þó mega eitt fylgibréf og tilsvarendi tollskráafjöldi fylgja tveimur eða þremur (en ekki fleiri) almennum böggjum, sem settir eru samtímis á póst af sama sendanda til sama viðtakanda. Þetta ákvæði gildir þó ekki um póströfuböggla, böggla með tilgreindu, virði, eða böggla, sem eiga að afhendast gjaldfrjálsir.
3. Báðar póststjórnirnar taka ekki á sig neina ábyrgð á að tollskrárnar séu réttar.

8. grein.

Gjaldfrjálsir böggjar.

1. Böggull, sem á að afhendast viðtakanda gjaldfrjáls, skal bera utanáskriftarmegin og á fylgibréfinu gulan miða, sem á standi skýru lettri orðin: „Franc de droits“.
2. Hverjum böggli, sem sendur er „gjaldfrjáls“, skal fylgja frankóseðill, vandlega festur við fylgibréfið.

9. grein.

Móttökukvittun.

1. Böggjar með tilgreindu verði, sem sendendur biðja um móttökukvittun fyrir, skulu greinilega merktir „Advice of Delivery“ eða „A.R.“ Fylgibréfin skulu merkt á sama hátt.
2. Böggjum þessum skal fylgja eyðublað líkt og það, sem fylgir starfsreglugerð alþjóðapóstsamningsins. Þetta kvittunarform skal útbúið af upprunapósthúsinu eða einhverju öðru pósthúsi, sem póststjórn upprunalandins ákveður, og skal það fest við fylgibréf höggulsins, sem það á við.

Komi það ekki til ákvörðunarpósthússins, býr þetta pósthús út nýtt kvittunareyðublað, sem þjónustuplagg.

3. Þegar ákvörðunarpósthúsið hefir útfyllt eyðublaðið eins og vera ber, skal senda það aftur opið og burðargjaldsfrjálst til sendanda höggulsins.
4. Ef sendandi gerir fyrirspurn um móttökukvittun, sem honum hefir ekki verið send til baka innan hæfilegs tíma, skal farið að eftir sömu reglum og nefndar eru í 10. grein næst á eftir. Í því efni er ekki tekið neitt gjald aftur og skrifar upprunapósthúsið efst á eyðublaðið orðin: „Duplicata de P avis de réception“.

10. grein.

Móttökukvittun umbeðin eftir póstun.

Þegar sendandi biður um móttökukvittun eftir að böggullinn hefir verið látinn á póst, skal upprunapósthúsið eða eitthvert annað pósthús, sem póststjórn upprunalandins tiltekur, útbúa kvittunareyðublað og festa það við fyrirspurnareyðublað frimerkt fyrir gjaldi því, sem fyrirskipað er í alþjóðapóstsamningum.

Fyrirspurnareyðublaðið, með viðfestu kvittunareyðublaðinu, skal fara með samkvæmt ákvæðum 30. greinar hér á eftir, með þeirri einu undantekningu, að hafi böggullinn verið reglulega afhentur, skal ákvörðunarpósthúsið halda fyrirspurnareyðublaðinu eftir, en senda móttökukvittunina til baka á sama hátt og segir í 3. lið næstu greinar á undan.

11. grein.

Áletrun um póströfu.

1. Póströfuböggjar og fylgibréf þeirra skulu bera utanáskriftarmegin áletrunina „C.O.D.“ („Remboursement“) skrifað eða prentað með skýru letri, og þar á eftir upphæð póströfunnar án útþurkunar eða leiðréttingar, jafnvel þótt staðfest sé.
2. Sendandi skal ennfremur skrifa nafn sitt og heimilisfang á böggulinn og framhlið fylgibréfsins með latneskum bókstöfum.

12. grein.

Merkimiði póströfu.

112

15. nóv.

Póströfuböggjar skulu ásamt fylgibréfum sínum bera utanáskriftarmegin rauðgulan merkimiða í laginu eins og fyrirmynd þá, sem fylgir starfsreglugerð alþjóðapóstsamningsins.

13. grein.

Póströfuávisun.

1. Hverjum póströfuböggli skal fylgja póströfuávisunareyðublað. Eyðublað þetta skal fest við fylgibréfið og skal á því standa upphæð póströfunnar í mynt upprunalands böggulsins og, að því er snertir kröfur með böggjum frá Íslandi, jafngildi þess í sterling, og, sem almenn regla, skal sendandi böggulsins tilgreindur sem viðtakandi ávisunarinnar. Hvor póststjórnin um sig getur þó látið stíla póströfuávisanir tilheyrandi böggjum, sem eru upprunnir úr hennar þjónustu, til upprunapósthúsa böggjanna eða annara pósthúsa sinna. Afklippingur ávisunarinnar skal tilgreina nafn og heimilisfang viðtakanda böggulsins sem og stað og dagsetningu póstunar.
2. Innfærslur með blýanti skulu ekki leyfðar á póströfuávisunareyðublöð.

14. grein.

Myntbreyting póströfuupphæðar.

Upphæðum póstkrafna skal breytt í mynt ákvörðunarlands böggulsins af póststjórn Íslands, sem skal í þessu efni nota sama gengi sem hún notar við myntbreytingu póstávisana til upprunalands böggjanna.

15. grein.

Greiðslufrestur póstkrafna.

Upphæð póströfu skal greidd af viðtakanda böggulsins innan þess tíma, sem tiltekinn er í reglugerðum ákvörðunarlandsins.

Eftir að þessi frestur er liðinn skal böggullinn álitinn óafhendanlegur samkvæmt fyrirætlum 14. greinar samningsins.

16. grein.

Áframsending póströfuböggla.

1. Póströfuböggla má áframsenda, ef hið nýja ákvörðunarland hefir póströfuböggjaskipti við upprunalandið. Í þessu tilfalli skulu póströfuávisunareyðublöðin, sem hafa verið útbúin af póststjórn upprunalandsins, fylgja böggjunum. Pósthús hins nýja ákvörðunarstaðar fer að með innheimtu og

112
15. nóv.

skil á póströfuupphæðinni eins og böggullinn hefði verið sendur beint til þess.

2. Sé beðið um áframsendingu til lands, sem hefir ekki póströfuböggla-skipti við upprunalandið, skal farið með böggullinn sem böggul, er ekki er hægt að afhenda.

17. grein.

Útgáfa póströfuávisunar.

Jafnskjótt og póstkrafan er innheimt skal ákvörðunarpósthúsið, eða eitt-hvert annað pósthús, sem póststjórn ákvörðunarlandsins tiltekur, fylla út hlut-ann „Þjónustuupplýsingar“ („Indications de service“) á póströfuávisunareyðu-blaðinu, og senda það síðan, stimplað með dagstimpli sínum, burðargjaldsfritt til viðtökupósthúss böggulsins, eða þess pósthúss, sem póststjórn upprunalsins hefir sérstaklega tiltekið á sjálfu eyðublaðinu.

Póströfuávisanirnar skulu útborgaðar sendendum böggla eftir regl-um þeim, sem póststjórn útborgunarlandsins setur.

18. grein.

Ógilding eða skipti á póströfuávisunareyðublöðum.

1. Póströfuávisunareyðublað tilheyrandi böggli, sem af einhverjum ástæð-um er endursendur sendanda, skal gert ógilt af pósthúsi því, sem endur-sendir böggullinn, og skal það endursent viðfest fylgibréfið.
2. Þegar póströfuávisunareyðublað misferst, tapast eða eyðileggst áður en póstkrafan hefir verið innheimt, býr ákvörðunarpósthúsið, eða eitt-hvert annað pósthús, sem póststjórn ákvörðunarlandsins tiltekur, út eftirrit.

19. grein.

Tapaðar póströfuávisanir.

1. Í stað póströfuávisunar, sem hefir misfarizt, tapast eða eyðilagst, eftir að póstkrafan hefir verið innheimt, skal koma eftirrit eða útborgunarheimild, þegar báðar póststjórnirnar hafa gengið úr skugga um að ávisunin hafi ekki verið útborguð.
2. Póströfuávisanir, sem ekki hefir verið hægt að afhenda viðtakendum inn-an þess tíma, sem þær gilda samkvæmt póstávisanasamningnum milli pósts-stjórnanna, skulu, er tíminn, sem þær gilda, rennur út, kvittaðar af póst-stjórn landsins, sem átti að greiða þær, og færðar til gjalda þeirri póst-stjórninni, sem hefir gefið þær út.
3. Í stað póströfuávisana, sem hafa verið afhentar viðtakendum, en þeir ekki vitjað greiðslu á innan þess tíma, sem þær gilda samkvæmt póstávisana-samningnum milli póststjórnanna, skulu koma útborgunarheimildir. Útborg-

unarheimildir þessar skulu útbúnar af póststjórninni, sem innheimti póstkröfurnar undir eins og hún er gengin úr skugga um að hinar upprunalegu ávísanir hafi ekki verið borgaðar út innan þess tíma, sem þær giltu, og skulu þær kvittaðar af hinni póststjórninni, sem færir upphæðirnar, sem skuldast, til gjalda í fyrsta reikning, sem hún býr út eftir móttöku útborgunarheimildanna.

112

15. nóv.

4. Póststjórn sú, sem gefur út póstkröfuávisun, skal gera hinni póststjórninni aðvart ef ekki hefir verið krafið um ávisunina innan þess tíma, sem hún gildir.
5. Póstkröfuávisanir, sem ekki er hægt að borga út vegna ónákvæmrar útfyllingar hjá ákvörðunarpósthúsi böggulsins, skulu endursendar pósthúsinu til leiðréttingar, sem þjónustusending með ábyrgð, eins fljótt og unnt er.

20. grein.

Tilgreining á verðupphæð.

Sérhver böggull með tilgreindu verði og tilheyrandi fylgibréf skal bera áletrað hið tilgreinda verð í mynt upprunalandsins. Skal þessi áletran gerð án útþurkunar eða leiðréttingar, jafnvel þótt staðfest sé. Upphæð hins tilgreinda verðs skal breytt í gullfranka af póststjórn upprunalandsins. Skal breytingin skrifuð greinilega með nýjum tölum við hliðina á eða undir þeim tölum, er sýna upphæð hins tilgreinda verðs í mynt upprunalandsins.

21. grein.

Verðmerkimiðar o. s. frv.

Sérhver böggull með tilgreindu verði og tilheyrandi fylgibréf skal bera lítinn rauðann miða með áletraninni „Insured“ eða „Valeur Déclarée“ með latnesku letri.

Þegar í böggli eru mótaðir peningar, stangagull eða silfur eða aðrir dýrgripir, skulu lökk eða önnur innsigli, merkimiðar allskonar og öll frimerki vera sett á með millibili þannig, að þau skýli ekki skemmdum á umbúðunum. Ennfremur skulu merkimiðar og frimerki, ef nokkur eru, ekki sett þannig á, að þau brjótist yfir báðar hliðar umbúðanna og hylji röndina.

22. grein.

Innsiglan böggla með tilgreindu verði.

Sérhver böggull með tilgreindu verði skal vera innsiglaður með lakki eða blýi eða öðrum innsiglum með sérstöku einslöguðu tákni eða merki sendanda, og skulu innsiglin vera nægilega mörg til þess að hindra það, að hægt sé að eiga við innihaldið án þess að glögg merki sjáist um skemmdirnar.

- 112** Fyrir sendendum slíkra böggla skal rækilega brýnt, að útbúa fylgibréfin,
15. nív. alltaf þegar hægt er, með nákvæmri líkingu af innsiglinu eða hinu sérstaka merki, sem nefnt er hér á undan.

23. grein.

Tilgreining þyngdar á böggjum með tilgreindu verði.

Þyngdin í grömmum á hverjum böggli með tilgreindu verði skal nákvæmlega tilgreind af pósthjórn upprunalandsins:

- a) utanáskriftarmegin á bögglinum;
- b) á fylgibréfinu, á hinum þar til ákveðna stað.

24. grein.

Innritunarnúmer og viðtökustaður.

Sérhver böggull ásamt tilheyrandi fylgibréfi skal bera nafn viðtökupósthússins og miða með innritunarnúmerinu. Sama viðtökupósthus má ekki samtímis nota tvær eða fleiri samhljóða númeraraðir merkimiða, nema þá að þær séu aðgreindar með greinilegu merki.

25. grein.

Dagstimplun.

Fylgibréfið skal stimplað utanáskriftarmegin af viðtökupósthúsinu með stimpli, er sýni bæði hvar og hvenær böggullinn sé látinn á pósth.

26. grein.

Endursending frankóseðla. — Endurheimta á útlögðum upphæðum.

1. Pósthús það, sem leggur úr tollgjöldin og önnur gjöld fyrir sendanda „gjaldfrjáls“ bögguls, fyllir út þann hluta, sem því viðkemur, á bakhlið frankóseðilsins, og sendir hann svo með tilheyrandi fylgiskjölum, ef nokkur eru, í lokuðu umslagi án tilgreiningar á innihaldi til þess pósthúss, sem tilgreint er framan á frankóseðlinum.
2. Þegar böggull með miðanum „franc de droits“ og réttilega skráður kemur í þjónustu ákvörðunarlandsins án frankóseðils, skal pósthús það, sem hefir tollmeðferðina á hendi, búa út eftirrit af frankóseðlinum, og gæta þess, að setja nafn upprunalands böggulsins í stað þess sem stendur á frankóseðlinum, og tilgreina, svo framarlega sem hægt er, dagsetninguna þegar böggullinn er látinn á pósth.

Þegar frankóseðill glatast eftir afhendingu á böggli, skal búa út eftirrit á sama hátt.

3. Frankóseðlar tilheyrandi böggjum, sem af einhverjum ástæðum eru endursendir til upprunalandsins, og hafa ekki sætt tollmeðferð hjá pósthjórn

ákvörðunarlandsins, skulu gerðir ógildir af pósthúsi því er endursendir böggla.

112
15. nóv.

4. Við móttöku frankóseðils, er sýnir gjöld þau, sem póststjórn ákvörðunarlandsins hefir lagt út, breytir póststjórn upprunalsins upphæðum þessara gjalda í sína eigin mynt, eftir gengi, sem hún sjálf ákveður, en sem þó má ekki fara fram úr gengi því, sem hún notar við útgáfu póstávísana til hlutaðeigandi lands. Hin breytta upphæð skal tilgreind á stofni eyðublaðsins og staðfest með undirskrift þess póstmanns, er hefir framkvæmt breytinguna.

27. grein.

Áframsending.

1. Af böggli, sem er áframsendur, vegna þess að hann hefir verið sendur skakkt, skal póststjórnin, sem áframsendir, ekki taka tollgjöld eða önnur gjöld.

Þegar póststjórn endursendir slíkan böggul til þess lands, sem hún hefir móttakið hann frá beint, skal hún endurgreiða þóknunir þær, sem hún hefir fengið, og gera athugasemd um skekkjuna með leiðréttingarskýrslu.

Í öðrum tilfellum, og ef upphæð þóknanna reynist ónóg til þess að bera kostnaðinn við áframsendinguna, skal póststjórnin, sem áframsendir, reikna póststjórn þeirri, sem hún sendir böggulinn til, flutningsgjöld þau, sem henni ber fyrir flutning áfram, því næst færir hún sér til tekna upphæð þá sem til vantar hjá því viðskiptapósthúsi, sem hún hefir fengið hinn skakkt senda böggul beint frá. Ástæðan fyrir kröfunni skal tilkynnt hinu síðarnefnda með leiðréttingarskýrslu.

2. Þegar böggull hefir ranglega verið tekinn til flutnings vegna vangár póstþjónustunnar svo að hann verður, þess vegna, að endursendast til upprunalsins, skal póststjórn sú, sem sendir böggulinn til baka, færa póststjórninni, sem hún tók við bögglinum frá, aftur til tekna þóknunir þær, sem hún hefir fengið hans vegna.
3. Þóknunir fyrir böggul, sem er áframsendur, sakir þess að viðtakandi hefir skipt um bústað eða sakir vangár sendanda, til lands, sem hið sameinaða konungsríki eða Ísland hafa bögglaþóskipti við, skulu teknar af póststjórn þeirri, sem böggullinn er sendur til, nema gjöldin fyrir flutninginn séu greidd um leið og áframsendingin fer fram, en þó skal fara með böggulinn eins og skrifað hefði verið utan á hann beina leið frá landinu, sem áframsendir til hins nýja ákvörðunarlands.
4. Böggull, sem er áframsendur óborgaður, skal sendur áfram í sínum upprunalegu umbúðum og með sínu upprunalega fylgibréfi. Þurfi einhverra orsaka vegna, að búa um böggulinn á ný eða að endurnýja fylgibréfið með fylgibréfsafriti, skal nafn upprunapósthúss böggulsins, hið uppruna-

112
15. nív.

lega innritunarnúmer og, að svo miklu leyti sem hægt er, dagsetning viðtöku á upprunapósthúsi sett bæði á böggul og fylgibréf.

28. grein.

Endursending óskilaböggla.

1. Hafi sendandi óskilabögguls mælt öðruvísi fyrir en segir í 2. lið 14. greinar sammingsins, þarf póststjórn ákvörðunarlandsins ekki að hlýta þeim fyrir-mælum, en getur endursent böggulinn til upprunalandsins eftir að legu-frestur sá, sem ákvæði ákvörðunarlandsins setja, er liðinn.
2. Póststjórn sú, sem endursendir sendanda böggul, skal skýra stutt og greini-lega á bögglinum og tilheyrandi fylgibréfi frá ástæðunum fyrir því, að af-hending hefir ekki farið fram. Upplýsingar þessar mega vera handskrif-aðar, settar á með stimpli eða merkimiða. Hið upprunalega fylgibréf til-heyrandi endursendum böggli, skal sent til baka með honum til uppruna-landsins.
3. Böggull, sem á að endursendast sendanda, skal færður á bögglapóstskrána með athugasemdinni „Rebut“ í athugasemdadálki. Skal farið með hann og tekið gjald fyrir hann eins og böggul, sem væri áframsendur vegna bú-staðaskipta viðtakanda.

29. grein.

Sala. — Eyðilegging.

1. Sé böggull seldur eða eyðilagður samkvæmt ákvæðum 16. greinar sammingsins, skal gera skýrslu um söluna eða eyðilegginguna.
2. Andvirði hins selda skal fyrst og fremst varið til greiðslu á gjöldum þeim, sem hvíla á bögglinum. Ef einhver afgangur verður skal hann sendur póst-stjórn upprunalandsins til afhendingar sendanda, sem greiðir kostnaðinn við sendinguna.

30. grein.

Fyrirspurnir um böggla eða póstkröfuávísanir.

Undir fyrirspurnir um böggla eða póstkröfuávísanir, sem ekki hafa verið endursendar, skal nota eyðublað líkt og fyrirmynd þá, sem fest er við starfs-reglugerð pósthöggla-sammings alþjóðapóstbandsins. Eyðublöð þessi skulu send til þeirra pósthúsa, sem hvor póststjórnin um sig tilgreinir, og skulu þau afgreidd á þann hátt, sem báðar póststjórnirnar koma sér saman um.

31. grein.

Bögglapóstskrá.

1. Verðbögglar, póstkröfubögglar, endursendir og óborgaðir áframsendir bögg-lar skulu innritaðir hver um sig af viðskiptapósthúsinu á bögglapóstskrá. Skráning annara böggla, nema transitböggla, skal fara fram með því móti, að

- setja aðeins tölu böggla við hvert þyngdarmark og athugasemd í skrána um tölu gjaldfrjálsra böggla. Transitböggjar skulu innritaðir hver fyrir sig, en tveir og fleiri slíkir böggjar til sama lands og með sömu þóknanaupphæð, mega þó færast í einu lagi. Fylgibréf, tollskrár, frankóseðlar, móttökukvittanir, póströfuávisunareyðublöð o. s. frv. skulu send með skránni.
2. Hvert viðskiptapósthús, sem sendir, skal tölusetja böggla skrárnar í efra vinstra horni með áframhaldandi töluröð yfir árið fyrir hvert viðskiptapósthús, sem tekur við póstinum, og, að svo miklu leyti sem hægt er, setja undir töluna nafn skipsins, sem flytur póstin. Síðasta númer ársins skal fært á fyrstu böggla skrá árið eftir, til athugunar.

32. grein.

Samanburður í viðskiptapósthúsunum. Tilkynningar um skekkjur.

1. Þegar viðskiptapósthús tekur á móti póstflutningi, hvort heldur böggjum eða tómum pokum, skal það bera saman böggla og hin ýmsu skjöl, sem fylgja heim, eða tömu pokana, ef svo ber undir, við innfærslurnar á skránni, og ef nauðsynlegt er, skal það tilkynna sendingar, sem vanta, eða aðrar skekkjur með leiðréttingarskýrslu.
2. Skekkjur í burðargjaldshlutunum fyrir transitböggla skulu tilkynntar viðskiptapósthúsi sendilandsins með leiðréttingarskýrslu. Leiðréttingar á öðrum skekkjum í burðargjaldshlutum eða samlagningu skulu gerðar í sambandi við tilbúning ársfjórðungsskýrslanna, sem eru tilgreindar í 33. grein hér á eftir.

33. grein.

Reikningar fyrir þóknanirnar.

1. Hvor póststjórnin um sig útbýr ársfjórðungsskýrslu yfir allan böggla póst, sem sendur hefir verið yfir ársfjórðunginn til hennar frá hverju viðskiptapósthúsi hinnar, er greinir aðalupphæð fyrir póstflutning, hvort heldur henni til tekna eða skuldar.
2. Skýrslur þessar skulu sendar hlutaðeigandi póststjórn í næsta mánuði á eftir ársfjórðungnum, sem þær eiga við.
3. Ársfjórðungsskýrslurnar skulu athugaðar og viðurkenndar af hlutaðeigandi póststjórn með samanburði við sjálfar böggla póstskrárnar, og teknar upp í heilu lagi í árs-aðalreikningi, sem skal búinn til af póststjórninni sem á inni.

34. grein.

Reikningsskil.

1. Greiðsla á reikningsjöfnuðinum skal framkvæmd af skuldunaut til eiganda á sama hátt og fyrir er mælt í alþjóðapóstsamningnum um greiðslu á jöfnuði transítreikninga.

- 112** 2. Tilbúningur og sending aðalreiknings, sem og greiðsla á jöfnuði hans, skal fara fram eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá lokum þess tímabils, sem reikningurinn á við. Þegar þessi frestur er liðinn, skulu upphæðir þær, sem önnur pósthjórnnin skuldar hinni, bera vexti er nemi 7 af hundraði á ári og reiknast þeir frá þeim degi, er umgetinn frestur rennur út.

35. grein.

Reikningar póströfuávisana.

1. Reikningsskil viðvikjandi póströfuávisunum, sem hvor pósthjórnnin um sig borgar út, skulu fara fram með viðbótarreikningum við hinn sérstaka reikning yfir pósthávisanaviðskipti milli beggja pósthjórnnanna.
2. Í reikningi þessum skulu póströfuávisanirnar, sem eiga að fylgja með útborgaðar og kvittaðar, færðar inn eftir stafrófsröð útgáfupósthúsanna og í þeirri númeraröð, sem þær eru færðar í bækur þeirra. Pósthjórnn sú, sem býr úr reikninginn, skal draga frá aðalupphæð inneignar sinnar hálfan af hundraði ($\frac{1}{2}\%$), sem er þóknun til hinnar pósthjórnnarinnar og tilgreind í 38. grein sammingsins.

Endurskoðun á reikningi þessum fer fram samkvæmt fyrirmælum pósthávisanasammingsins milli pósthjórnnanna.

3. Aðalupphæðir póströfuávisanareikningsins skulu teknar upp í aðalreikninginn yfir pósthávisanir fyrir sama tímabil, og greiddar sem hluti af honum.

36. grein.

Frankóseðlar. Reikningar yfir tollgjöld o. s. frv.

1. Reikningsskil er snerta tollgjöld o. s. frv., sem lögð eru út af annari pósthjórnninni fyrir reikning hinnar, skulu fara fram með sérstökum ársfjórðungsreikningum, sem skulu útbúnir af hinni skuldugu pósthjórnn í mynt inneignarlandsins. Frankóseðlarnir skulu færðir á reikninginn eftir stafrófsröð pósthúsanna, sem hafa lagt út fyrir kostnaðinum, og í þeirri töluröð, sem þessi pósthús hafa merkt þá.
2. Hinn sérstaki reikningur ásamt frankóseðlunum skal sendur pósthjórnninni, sem á inni, ekki síðar en í lok næsta ársfjórðungs á eftir þeim, sem hann á við. Neikvæðan reikning skal ekki gera.
3. Reikningar þessir skulu endurskoðaðir samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í hinum sérstaka pósthávisanasamningi milli pósthjórnnanna.
4. Reikningar þessir skulu útkljáðir, annaðhvort með pósthávisun eða víxli í mynt inneignarlandsins, eða á hvern þann hátt, sem samkomulag verður um.

37. grein.

Upplýsingar og tilkynningar.

112

15. nóv.

Hvor póststjórnin um sig skal láta hinni í té allar nauðsynlegar upplýsingar um einstök atriði er snerta starfið og gang þess.

38. grein.

Hvenær reglugerðin kemur til framkvæmda og hversu lengi hún gildir.

Reglugerð þessi skal koma til framkvæmda sama dag og samningurinn um póstbökkla gengur í gildi, og gilda um jafnlangan tíma og sá samningur. Hlut- aðeigandi póststjórnir skulu þó hafa vald til þess að breyta með sameiginlegu samþykki einstökum atriðum hennar, eftir því sem henta þykir.

Gerð í tveimur eintökum á íslenzku og á ensku, í Reykjavík hinn 3. dag nóvembermánaðar 1933 og í London hinn 17. dag októbermánaðar 1933.

S. Briem
(L. S.)

Howard Kingsley Wood
(L. S.)

Þetta er hérmeð birt almenningi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. nóvember 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.